

HJALTI HUGASON

„ALLT HAFÐI ANNAN RÓM [...]“

Kvæði Bjarna Borgfirðingaskálds um hrörnun Íslands

ALDASÖNGUR eftir Bjarna Jónsson Borgfirðingaskáld er nú á dögum líklega eitt af þekktari 17. aldar kvæðum hérlendum, þegar undan er skilinn kveðskapur Hallgríms Péturssonar og nokkurra annarra helstu skálda barokktímans svo sem Einars Sigurðssonar í Eydölum og Stefáns Ólafssonar í Vallanesi. En miðað við þessi lærðu skáld var Bjarni nær því að vera alþýðuskáld.¹ Ástæður þess eru einkum þær að Sigurður Nordal tók kvæðið upp í kennslubók sína, *Íslenzka lestrarbók 1400–1900*, sem kom út 1924 og 1931.² Hún var notuð víða í skólum a.m.k. þar til arftaki hennar, *Íslenzk lestrarbók 1750–1930*, kom út 1942.³ Hluta kvæðisins birti Sigurður og samverkafólk hans svo síðar í *Sýnisbók íslenzkra bókmennta til miðrar átjándu aldar* 1953.⁴ Með þessum bókum varð kvæðið hluti af

- 1 Sjá Margrét Eggertsdóttir, *Barokkmeistarinn: List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 63 (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2005), 109. – Margréti Eggertsdóttur er hér með þökkkuð mikilvæg aðstoð og hvatning við samningu þessarar greinar.
- 2 Bjarni Jónsson, „Aldasöngur“, *Íslenzk lestrarbók 1400–1900*, Sigurður Nordal setti saman, 2. útg. (Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1931), 42–45. Á þessum stað var byggt á útgáfu Jóns Þorkelssonar skjalavarðar á kvæðinu (sjá síðar).
- 3 *Íslenzk lestrarbók 1750–1930*, Sigurður Nordal setti saman (Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1942). Jón Þorkelsson skjalavörður gaf fyrstur út *Aldasöng* undir fyrirsögninni „Einn fagur sálmur um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri“. Jón Þorkelsson, *Om digtningin på Island i det 15. og 16. århundrede* (Kaupmannahöfn: Andr. Fred. Høst & søns forlag, 1888), 403–405. Næst var kvæðið prentað í tímaritinu *Syrpu* í Winnipeg 1916 og þá undir fyrirsögninni *Gamall sálmur: Um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri*. Þar var byggt á texta sem er varðveittur í kvæðabókarhandriti frá um 1730 sem var í eigu Þorsteins Erlingssonar. „Gamall sálmur: Um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri“, *Syrpa* 4. árg., 3. h. (1916), 136–139. Sá texti var svo aftur birtur á óðfræðivefnum Braga. „Aldasöngur: Einn fagur sálmur um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri“, *bragi.arnastofnun.is*, sótt 5. desember 2018 af <http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=1313>. Kvæðið er 33 erindi á þessum stöðum og erindin í sömu röð þótt textinn sé ekki sá sami hjá J.Þ. og í *Syrpu*.
- 4 *Sýnisbók íslenzkra bókmennta til miðrar átjándu aldar*, Sigurður Nordal, Guðrún P. Helgadóttir og Jón Jóhannesson settu saman (Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar

„hinum íslenska kanon“ í hugum þeirra kynslóða sem voru leiddar inn í heim bókmenntaarfsins með hjálp þeirra. Kvæðið hefur einnig verið tekið upp í safnrit sem ætlað hefur verið að kynna kveðskap og ljóðlist fyrri alda fyrir almenningi. Er þar átt við *Íslands þúsund ár* (1947) og *Íslenskt ljóðasafn* Almenna bókafélagsins (1976).⁵ Þá veldur líka nokkru að Anna Sigurðardóttir, frumkvöðull í kvennasögurannsóknum hér á landi, valdi upphafshendingar 8. erindis kvæðisins, „Allt hafði annan róm / áður í páfadóm [...]“, sem titill á rit sitt um íslensku nunnuklaustrin.⁶ Þar með festust þessi fleygu orð Bjarna í sessi sem yfirskrift yfir ákveðið túlkunarviðhorf í hérlendum siðaskiptarannsóknum sem var ríkjandi a.m.k um daga hinnar þjóðernislegu söguritunar.⁷ Þar með má líta svo á að kvæðið sé ein fyrsta heimild um „goðsögnina“ um hnignun eða hrörnun Íslands einkum á tímabilinu 1400–1800 sem var mikilvæg í sögutúlkun þjóðarinnar á tímum sjálfstæðisbaráttunnar og verður jafnvel enn vart í ýmsum myndum.⁸ Í viðhorfinu fólst m.a. það mat að við siðaskipti hafi orðið hér róttæk umskipti til hins verra sem valdið hafi því að þjóðlegri menningu hafi mjög hrakað á flestum sviðum. Þess skal getið að Sigurður Nordal aðhylltist einmitt þetta viðhorf þegar bókmenntirnar áttu í hlut.⁹ Algengast er að litið sé svo á að Bjarni Borgfirðingaskáld hafi hallast að þessari neikvæðu afstöðu til siðaskiptanna og gagnrýnt myndbrot sem þeim hafi verið samfara. Sú túlkun kvæðisins liggur enda beint við.¹⁰

h.f., 1953), 336–338. Þarna eru birt 27 af 33 erindum kvæðisins eins og það var í útgáfu Jóns Þorkelssonar. Þau erindi sem sleppt er (26.–31.) tilheyra öll þeim þætti kvæðisins sem hér er talinn trúfræðilegur en auk þeirra telst 32. erindið til hans (sjá síðar).

- 5 Bjarni Jónsson, „Aldasöngur“, *Íslands þúsund ár: Kvæðasafn 1300–1600*, Páll Eggert Ólason hefur valið (Reykjavík: Helgafell, 1947), 23–32 (33 erindi). Bjarni Jónsson, „Aldasöngur“, *Fornöld, Miðaldir, Siðaskiptaöld*, Kristján Karlsson valdi kvæðin, Íslenskt ljóðasafn I., ritstj. Kristján Karlsson (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1976), 360–366 (33 erindi).
- 6 Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm: Nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu* (Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 1988).
- 7 Hjalti Hugason, „Áhrif siðbótarinnar á Íslandi: Tilraun til jafnvægisstillingar. Fyrri grein“, *Ritid* 1, 2019, 260–261, *ritid.hi.is* sótt 13. ágúst 2019 af <https://ritid.hi.is/index.php/ritid/article/view/61/52>.
- 8 Axel Kristinnsson hefur í nýlegri bók tekið þessa sögutúlkun til gagnerrar endurskoðunar á sannfærandi hátt. Axel Kristinnsson, *Hnignun, hvaða hnignun? Goðsögnin um niðurlægingartímabilið í sögu Íslands* (Reykjavík: Sögufélag, 2018).
- 9 Sigurður Nordal, „Samhengið í íslenskum bókmentum“, *Íslensk lestrarbók 1400–1900*, Sigurður Nordal setti saman (Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1931), xx.
- 10 Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir, „Enska öldin með viðaukum eftir Sigurð Línal“, *Saga Íslands* V, ritstj. Sigurður Línal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag,

Í formála *Íslensks ljóðasafns* ritaði Kristján Karlsson t.d. að skáldið hafi farið saknaðarorðum um kaþólska tíð og að kvæðið kæmi fyrir sjónir sem „eftirmæli hins gamla siðar“.¹¹

Í *Aldasöng* gagnrýndi Bjarni, sem var af fyrstu lúthersku kynslóðinni í landinu, samtíma sinn sem hann bar saman við glæstari fortíð í kaþólskum sið. Er því nærtækt að líta svo á að hann hafi verið neikvæður út í breytingarnar sem í siðaskiptunum fólust. Í þessari grein verður grafið fyrir um hver afstaða Bjarna hafi í raun og veru verið til siðbótarinnar og/eða siðaskiptanna og hvað það nákvæmlega var sem hann gagnrýndi í því sambandi.¹² Sérstaklega verður kannað hvort Bjarni hafi aðhyllt það viðhorf að hér hafi orðið allsherjarhnignun vegna siðaskiptanna, eins og Nordal, ýmsir samtímamenn hans og fjölmargir eftirmenn þeirra töldu, eða hvort viðhorf hans hafi verið jákvæðara, þótt vissulega komi fram sú sýn í *Aldasöng* að afturför hafi orðið frá fyrri tímum. Þá verður einnig reynt að greina hvert heimildargildi kvæðisins er á þessu sviði, þ.e. hvort raunverulega sé mögulegt að nota það til að varpa ljósi á hnignun er hér hafi átt sér stað í tíð Bjarna og, ef svo er, grafast fyrir um á hvaða sviðum og hvers vegna hún hafi helst orðið. Einnig verður vikið að því hvernig

Sögufélag, 1990), 185. Björn Th. Björnsson, „Myndlist á siðmiðöldum“, *Saga Íslands V*, ritstj. Sigurður Línal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 1990), 346. Helgi Þorláksson, *Saga Íslands VI* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2003), 118. H.Þ. bendir þó á að myndbrot hafi ekki verið almenn regla ófugt við það sem B.Th.B. áleit. Á seinustu árum hefur gætt mikils endurmats í þessu efni og færð rök fyrir að íslenskar kirkjubyggingar, þar á meðal innanbúnaður þeirra m.a. myndverk, hafi haldist lítt raskaðar fram yfir siðaskiptatímamann. Sjá m.a. Guðrún Harðardóttir, „Innanbúnaður kirkna á fyrstu öldum eftir siðaskipti: Þættir úr þróunarsögu“, *Ábrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017), 195–214. Gunnar Kristjánsson, „Málverksmyndir, skurðgoð og líkneskjur: Um myndskilning siðbótarmanna og áhrif hans hér á landi í ljósi sögunnar“, *Ábrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017), 215–241. Margaret Cormack, „Voru helgimyndir eyðilagðar á Íslandi? Athugun á varðveislu dýrlingamynda fyrsta áratuginn eftir siðaskipti“, *Ábrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017), 243–260.

- 11 Kristján Karlsson, „Formáli“, *Formöld, Miðaldir, Siðaskiptaöld*, Kristján Karlsson valdi kvæðin, Íslenskt ljóðasafn I, ritstj. Kristján Karlsson (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1976), xi.
- 12 Hér er heitið siðbót notað í þröngri merkingu um guðfræði Lúthers og annarra guðfræðinga á 16. öld sem og þá kirkjugagnrýni sem af henni reis. Með siðaskiptum er átt við trúarpólítískar afleiðingar siðbótarinnar.

kvæðið hefur verið flokkað bókmenntasögulega og settar fram efasemdir um þá flokkun. Loks verður kannað hvort samband sé milli þeirrar félagslegu gagnrýni og guðfræðilegu viðhorfa sem fram koma í kvæðinu og hvaða ályktanir megi draga af því um þá guðfræði sem þar er haldið á lofti.

Geymd og bygging

Aldasöngur er varðveittur víða í handritum. Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir íslenskufraeðingur bar saman textann í 15 þeirra í námsritgerð sem hún ritaði undir leiðsögn Jóns Samsonarsonar 1986. Komst hún að þeirri niðurstöðu að fjögur þeirra væru bein afrit af öðrum varðveittum handritum. Þeim 11 sjálfstæðu uppskriftum sem eftir stóðu skipaði hún í þrjá flokka, A, B og C.¹³ Í flokknum sem hún einkenndi með B eru fjögur handrit: JS 229, 8^{vo}, Adv. 21.7.17, JS 136, 8^{vo} og Lbs. 3234, 8^{vo}. Fyrstnefnda handritið er talið elst og skrifað um 1750 en hið síðastnefnda yngst frá um 1845. Bæði Adv. 21.7.17 og JS 136, 8^{vo} eru talin skrifuð um 1770.¹⁴ Sú gerð kvæðisins sem varðveitt er í þessum handritum hefur að geyma flest erindi. JS 229, 8^{vo} og Adv. 21.7.17 hafa 37 erindi. JS 136, 8^{vo} hefur að geyma 36 erindi. Í það vantar lokaerindið sem er annars sameiginlegt öllum hinum 10 handritunum. Yngsta handritið hefur fæst erindi eða 34. Í öll þessi handrit vantar þó vissulega eitt erindi sem finna má í handritunum í A- og C-flokki (25. erindið í A-flokki). Þá eru erindin í sömu röð í öllum þremur handritunum nema 14. og 15. erindi hafa víxlást í JS 136, 8^{vo}. Í C flokki er aðeins eitt handrit, Lbs. 957, 8^{vo}, sem ritað var á 18. öld (lítið eitt af efni þess þó á 17. öld) og hefur að geyma 34 erindi þar af tvö af sérefni B-flokksins. A-flokkurinn hefur að geyma sex handrit, þar á meðal elstu uppskriftirnar sem eru frá lokum 17. aldar. Í þessum handritum eru erindin fæst eða 33.¹⁵ Í fyrri hluta kvæðisins er röð erindanna svipuð í öllum handritaflokk-

13 Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir, „Aldasöngur eftir Bjarna Jónsson skálda: Textakönnun á kvæðinu. Handrit“, (námsritgerð, Háskóli Íslands, leiðbeinandi Jón Samsonarson, 1986): án bls.-tals. Í ritgerðinni er ekki að finna blaðsíðutal nema í einstökum köflum. Hér er því vísað til hvers kafla þegar bls.-tal skortir.

14 Sama rit, „Handritaskrá“, 3–4.

15 Sama rit, „II. Handrit“, án bls.-tals. Sama rit, „Handritaskrá“, 1–2. Erindið sem vantar í B-handritin er þannig: „Drottinn þeim ljá þú lið/ og legg til hvað þurfa við,/ svo batist lönd og lýðir,/ létti svo hörðu stríði,/ svo að andskotinn illi/ akri þínum ei spilli.“ Jón Þorkelsson, *Om digtningen på Island*, 405.

unum en í seinni hlutanum eða frá 20. erindi er röðin mismunandi eftir flokkum.¹⁶

Hér er sá kostur valinn að leggja handritið JS 229, 8^{vo} til grundvallar og er texti þess gefinn út í tengslum við greinina. Þá eru handritin Adv. 21.7.17 og JS 136, 8^{vo} höfð til hliðsjónar.¹⁷ JS 229, 8^{vo} er valið vegna þess að það er eldra handritið af þeim tveim sem geyma lengstu gerð kvæðisins. Þá skiptir líka máli að aðgengilegar útgáfur gefa góða mynd af þeirri gerð kvæðisins sem varðveitt er í A-flokki handrita en þær eru ekki allar byggðar á sama handriti. Handritin í B-flokknum hafa því ekki notið sömu athygli enda eru þau yngri.

Vissulega er ekki öruggt að sérefni B-handritanna, erindin 17, 22, 23, 29 og 32, sé upprunalegt þar sem það vantar í elstu handritin sem öll tilheyra A-flokki. Úr þessu verður ekki skorið þar sem kvæðið er ekki til í frumriti. Þau fimm erindi sem hér um ræðir falla þó vel að kvæðinu og geta af þeim sökum vel verið frá hendi Bjarna sjálfs.¹⁸ Þá er innra samhengi á síðari hluta kvæðisins, þar sem flest erindanna er að finna, mun rökréttara í B-handritunum en í handritum sem falla undir hina flokkana.¹⁹ Mælir það fremur með að erindin séu upprunaleg. Hér skal þó ekki fullyrt að elsta gerð kvæðisins sé varðveitt í þessum ungu handritum.²⁰ Þessi óvissa kemur ekki að sök. Markmið greinarinnar er ekki að leita upprunalegrar gerðar kvæðisins heldur að greina þá afstöðu til síðaskiptanna sem þar kemur fram. Í því sambandi skipta erindin fimm ekki sköpum. Mikilvægt er þó að meta þá skekkju sem óvissa um aldur sérefnisins í B-handritunum kann að valda.

Í skrá Handritadeildar Landsbókasafns kallast JS 229, 8^{vo} sálmakver og er ritað með einni hendi. Nafngreindir höfundar eru m.a. Ólafur Jónsson (1560–1627) á Söndum, Hallgrímur Pétursson (1614–1674) og Stefán

16 Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir, „Aldasöngur eftir Bjarna Jónsson skálda, II. Handrit“, án bls.-tals. Sama rit, „IV. Um gerðir kvæðisins“, án bls.-tals.

17 Handritið Adv. 21.7.17 er varðveitt í Edinborg en á filmu í Handritadeild Lbs. Á henni er ekki mögulegt að greina númer blaða.

18 Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir, „Aldasöngur eftir Bjarna Jónsson skálda, IV. Um gerðir kvæðisins“, án bls.-tals.

19 Sjá sama rit, án bls.-tals. Sama rit, „V. Lokaorð“, án bls.-tals.

20 Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir komst að þeirri niðurstöðu að kvæðið sé best varðveitt eins og það er í handritunum JS 229, 8^{vo} og Adv. 21.7.17. Byggði hún þá niðurstöðu á byggingu kvæðisins, erindaröð og innra samhengi efnisins. Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir, „Aldasöngur eftir Bjarna Jónsson skálda, IV. Um gerðir kvæðisins“, án bls.-tals. Sjá og sama rit, „V. Lokaorð“, án bls.-tals.

Ólafsson (1619–1688) í Vallanesi. Bjarni er þar ekki nefndur. Í handritinu nefnist kvæðið „Alldar saungur“ og nær yfir síðurnar 44v–47r.²¹

Skipta má kvæðinu upp á ýmsan hátt eftir efni. Eftirfarandi efnisskipan gefur skýrast yfirlit yfir byggingu þess að mínu mati:

- Ákall um upplýsingu heilags anda og trúarjátning: 1. og 2. erindi.
- Heimsádeila: 3.–5. erindi.
- Aldarfarslýsing: 6. og 7. erindi.
- Upphafning fortíðarinnar: 8.–11. erindi.
- Hrönnun Íslands: 12.–15. erindi.
- Afstaða til siðbótarinnar: 16. erindi.
- Um vitranir: 17.–19. erindi.
- Eskatólógískt ákall og almenn bæn: 20.–23. erindi.²²
- Ævi- og aldarfarslýsing: 24. erindi.
- Persónuleg bæn: 25.–31. erindi.
- Um endurlausnina: 32.–34. erindi.
- Lofgjörð: 35.–37. erindi.²³

Síðar í greininni verður vikið að annars konar skiptingu efnisins og þá með tilliti til þess hvort um veraldlegt eða trúarlegt efni sé að ræða, sem og hvaða guðfræðilegu stef er fjallað um hverju sinni. Þau geta gengið þvert á þessa efnisgrind sem aðeins er ætlað að varpa ljósi á byggingu kvæðisins.

Ævi og kveðskapur Borgfirðingaskáldsins

Bjarni Jónsson, sem kallaður hefur verið Borgfirðingaskáld en einnig Bjarni skáldi, var ýmist kenndur við Húsafell eða Bæ í Borgarfirði eða

- 21 *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins II*, samið hefir Páll Eggert Ólason (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1927), 661.
- 22 Eskatólógía er hér notað yfir orðræðuna um hina síðustu tíma, upprisu, dóm, eilíft líf og/ eða eilífa glötun.
- 23 Staka 16. erindið tengist kaflanum næsta á undan en er hér látið standa stakt til að vekja athygli á sérstæðu efni þess. 24. erindið myndar brú milli efnisins á undan og þess sem á eftir kemur. Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir skipti kvæðinu þannig upp: **1.** 1. erindi. Ákall til Guðs, **2.** 2. erindi. Trúarjátning og inngangur að heimsádeilu, **3.** 3.–17 erindi. Heimsádeila, **4.** 8.–11. erindi. Samanburður við fortíðina, **5.** 12.–17. erindi. Lýsing á hnignun trúmála, **6.** 17.–19. erindi. Um vitranir, **7.** 20.–24. erindi. Bæn og ákall, **8.** 25.–29. erindi. Þakkargjörð, **9.** 30.–34. erindi. Sigur Guðs yfir Sathan, **10.** 35.–37. erindi. Lofsöngur. Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir, „Aldasöngur eftir Bjarna Jónsson skálda, IV. Um gerðir kvæðisins“, án bls.-tals.

Fellsöxl í Skilamannahreppi hinum forna. Æviár hans verða ekki tímasett nákvæmlega. Páll Eggert Ólason tilfærir þau svo í *Íslenzkum æviskrám*: „um 1575-80–1655-60“.²⁴ Böðvar Guðmundsson telur hann á einum stað fæddan um 1560 en 1575 á öðrum og dáinn um 1640 eða fimmtán árum síðar.²⁵ Í ummælum Bjarna sjálfs kemur fram að hann hefur náð a.m.k. 79 ára aldri.²⁶ Bjarni fæddist að Fellsöxl þar sem foreldrar hans bjuggu en ólst upp á Húsafelli hjá Sigurborgu hálf systur sinni og Jóni Grímssyni síðar í Kalmanstungu. Hann bjó síðar í Bæ og á Fellsöxl.²⁷ Lítið meira verður með vissu sagt um ævi Bjarna og eru sagnir af honum nokkuð þjóðsagnakenndar líkt og um ýmis önnur skáld fyrri tíma.²⁸ Hann mun þó hafa verið kvæntur konu að nafni Margrét.²⁹ Bjarni var ekki skólagenginn.³⁰ Vera má og að kala af þeim sökum gæti í 11. erindi *Aldasöngs* (sjá og aftar).³¹

- 24 Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940 I* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948), 174. Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi IV* (Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, 1926), 710.
- 25 Fellsöxl er í sambandi við Bjarna víða nefnd Húsafellsöxl sem ekki mun vera þekkt bæjarnafn. Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar – Bókmenntir 1550–1750“, *Íslensk bókmenntasaga II*, ritstj. Vésteinn Ólason (Reykjavík: Mál og menning, 1993), 406, 451. Jón Þorkelsson, *Om digtningu þá Ísland*, 397–398.
- 26 Jón Þorkelsson, *Om digtningu þá Ísland*, 398, 399. Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir IV*, 710.
- 27 Jón Þorkelsson, *Om digtningu þá Ísland*, 398. Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir IV*, 709–710. Páll Eggert Ólason, *Seytjándi öld: Höfuðþættir*, Saga Íslendinga V (Reykjavík: Menntamálaráð og Þjóðvinafélag, 1952), 331. Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar“, 451. Óskar Halldórsson, „Bókmenntir á lærdómsöld“, *Saga Íslands VII*, ritstj. Sigurður Lindal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2004), 237. Björn Jónsson, „Sálmaskáld úr alþýðustétt á siðbótartímanum“, *Ritöð Guðfræðistofnunar* 26, 2008/1, 136–137. Sjá Bjarni Jónsson, „Minningarkvæði um Jón Grímsson“, *Fornöld, Miðaldir, Siðaskiptaöld*, Kristján Karlsson valdi kvæðin, Íslenskt ljóðasafn I, ritstj. Kristján Karlsson (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1976), 357–360.
- 28 Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir IV*, 707–709. Sjá *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I*, safnað hefur Jón Árnason, Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna (Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1961), 171, 440–450. Björn Jónsson, „Skáld úr alþýðustétt“, 137–138. Sjá Jón Þorkelsson, *Om digtningu þá Ísland*, 402.
- 29 Jón Þorkelsson, *Om digtningu þá Ísland*, bls. 398. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár I*, 174.
- 30 Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar“, 451. Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun: Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld*, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Rit 91 (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2015), 41, 45–46. Sjá Margrét Eggertsdóttir, *Barokkmeistarinn*, 109.
- 31 Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar“, 452. Heildarútgáfa á *Aldasöng* byggð á handritinu JS 229, 8^{vo} fylgir þessari grein.

Líklega hefur uppeldið á prestssetrinu í Húsafelli sett mark sitt á kveðskap Bjarna og haft áhrif á hann að öðru leyti. Venslamenn hans kunna líka að hafa mótað hugsunarhátt hans.³² Ljóst er t.d. að hann var biblíufróður og vel að sér í kristnum fræðum, jafnvel lútherskum trúarlærdómum, eins og sýnt verður síðar.³³ Þrátt fyrir stétt sína og stöðu virðist hann hafa verið vel upplýstur húanisti af alþýðlegri gerð.³⁴

Jón Þorkelsson taldi Bjarna hafa verið eitt af fremstu skáldum samtíðar sinnar en þó hafa verið nokkuð gamaldags á sinni tíð og að hann hafi ekki verið laus við kaþólskan hugsunarhátt.³⁵ Við þetta í grunninn jákvæða mat kann Jón ekki síst að hafa haft *Aldasöng* í huga. Ekki er að undra þótt hugarheimur manns af kynslóð Bjarna Borgfirðingaskálds hafi verið mótaður af hugsunarhætti miðalda enda ekki raunhæft að ætla að andleg menning og hugmyndir heillar þjóðar hafi breyst í einni svipan við siðaskipti. Breytir þá ekki öllu hvort um trúarhugmyndir eða viðhorf í veraldlegum efnum var að ræða. Þótt Bjarni hafi verið alinn upp á prestssetri hefur sama máli gílt um hann og flesta aðra. Siðbreytingin, þ.e. menningarleg mótun þjóðarinnar að lútherskum anda, tók margar kynslóðir og má líta svo á að hún hafi a.m.k. staðið allt fram á 18. öld.³⁶

Nokkuð hefur varðveist af kveðskap eftir Bjarna umfram *Aldasöng*. Má þar nefna tvennar til þrennar rímur. Honum auðnaðist þó ekki að ljúka *Rímum af Flóres og Leó* fyrir andlátið. Það segir nokkuð um stöðu

32 B.J. var tengdur Jóni Þorsteinssyni (1570–1627) píslarvotti í Vestmannaeyjum og náskyldur Böðvari Jónssyni (um 1550–1626) í Reykholti en hann var höfuðklerkur í Borgarfirði og Skálholtsbiskupsdæmi, vel að sér og skáldmæltur. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* I, 293. Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, 709–710.

33 B.J. vísaði til Ritningarinnar á a.m.k. tveimur stöðum í *Aldasöng*. Í upphafi þriðja erindis má greina a.m.k. óbeina vísun í Jes. 11. 6–7 án þess að henni sé fylgt eftir efnislega. Í lok fjórða erindis vísaði hann svo til dæmisögu Kristis í Matt. 25.1–13 um hyggnu og fávísu meyjarnar sem biðu brúðgumans en það er eskatológiskur texti. Þá orti B.J. sérstakt kvæði eða sálm út frá 44. kap. *Opinberunar Jóhannesar*. Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, 714–715. Opinberunarbókin sem er apókalyptískt rit, en apókalyptík fjallar um endalok heimsins og er þar með í ætt við eskatólógíu.

34 Sjá Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, 23–24. Stefán Einarsson, *Íslenzk bókmenntasaga 874–1960* (Reykjavík: Snæbjörn Jónsson & Co. H.F., 1961), 246–247.

35 Jón Þorkelsson, *Om dígtingen på Island*, 398, 402. Páll Eggert Ólason leit einnig á B.J. sem eitt af höfuðskáldum síns tíma. Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, 711–712. Sjá og Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* I, 174.

36 Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi III, ritstj. Hjalti Hugason (Reykjavík: Alþingi, 2000), 111.

Bjarna að sjálft höfuðskáldið Hallgrímur Pétursson lauk þeim.³⁷ Hafa þeir líklega verið kunnugir og er hugsanlegt að Hallgrímur hafi um skeið verið sóknarprestur Bjarna.³⁸ Sá síðarnefndi hefur þá lifað fram yfir 1650 en Hallgrímur kom í Saurbæ 1650 eða 1651.³⁹ Einkum hafa Bjarna þó verið eignaðar margar öfugmælavísur, m.a. elstu vísurnar af því tagi sem þekktar eru. Eru honum raunar ætlaðar mun fleiri slíkar vísur en nokkrar líkur eru á að hann hafi ort. Víða í kveðskap hans má greina glaðværð og lífsgleði sem m.a. kemur fram í þekktu minningarkvæði um mág hans, Jón Grímsson í Kalmanstungu.⁴⁰

Í bókmenntasögu Máls og menningar skipar Böðvar Guðmundsson Bjarna í flokk með helstu veraldlegu skáldum um 1600 og svo hefur almennt verið gert.⁴¹ Böðvar lítur líka á *Aldasöng* sem veraldlegan kveðskap og telur hann vera með rismestu veraldlegu kvæðum frá þessum tíma.⁴² Þrátt fyrir þetta bendir Böðvar á að Bjarni hafi ekki verið mikill kenningasmiður, hafi lítið notað fornt skáldskaparmál og segir að dregið hafi verið í efa að hann hafi verið vel að sér í fornum bragreglum.⁴³

Bjarni Jónsson lét einnig eftir sig trúarlegan kveðskap. Leit Páll Eggert Ólason raunar svo á að öll helstu kvæði hans væru andlegs efnis og þannig flokkaði hann *Aldasöng*.⁴⁴ Bjarni var t.d. elstur þeirra skálda sem áttu nýja sálma í annarri útgáfu sálmabókar Guðbrands Þorlákssonar sem kom út

37 Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, 719–727. Stefán Einarsson, *Íslenzk bókmenntasaga*, 247. Óskar Halldórsson, „Bókmenntir á lærdómsöld“, 226, 228.

38 Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, 710. Björn Jónsson, „Skáld úr alþýðustétt“, 138–139. Í þjóðsögu segir frá því að B.J. ráðlagði konu einni er Hallgrímur hést við í vísun að yfirgefa heimasveit sína. Þar er gengið út frá að þeir hafa verið samtímis við Hvalfjörðinn. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* I, 449–450.

39 Margrét Eggertsdóttir, Barokkmeistarinn, 170.

40 Jón Þorkelsson, *Om digtningen på Island*, 398–412. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* I, 174. Stefán Einarsson, *Íslenzk bókmenntasaga*, 246–247. Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar“, 425–426, 439, 454–456. Páll Eggert Ólason, *Seytjándá öld*, 332. Óskar Halldórsson, „Bókmenntir á lærdómsöld“, 219, 226, 252.

41 Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar“, 442 sjá þó 409. Sjá og Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, 710–711, 776. Óskar Halldórsson, „Bókmenntir á lærdómsöld“, 244.

42 Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar“, 452. Sama gerir Jónas Kristjánsson í bókmenntasöguþættinum í *Sögu Íslands* V. Jónas Kristjánsson, „Bókmenntasaga“, *Saga Íslands* V, ritstj. Sigurður Línal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 1990), 278.

43 Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar“, 456.

44 Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, 711–712. Páll Eggert Ólason, *Seytjándá öld*, 331.

1619, en þar voru birtir tveir sálmar eftir hann. Annar þeirra var tekinn upp í allar sálmabækur fram að Aldamótabókinni frá 1801. Hinn er enn í sálmabók Þjóðkirkjunnar.⁴⁵ Á það hefur líka verið bent að bæði í andlegum og veraldlegum kvæðum Bjarna komi fram einlæg trúhneigð, til dæmis sé lofsöngs- og fyrirbænarkafla ekki síður að finna í kvæðum sem talin eru veraldleg en hinum trúarlegu. Í báðum flokkum kveður líka við heimsósómatóna.⁴⁶ Þetta sýnir raunar hve torvelt getur reynst að koma kveðskap frá fyrri öldum fyrir annaðhvort í hreinum trúarlegum eða veraldlegum flokki bókmennta.

Aldasöngur er ortur á ofanverðri ævi Bjarna eins og fram kemur í 24. erindi kvæðisins (sjá skáletur). Hafi Bjarni fæðst á tímabilinu 1560–1580 hefur kvæðið verið samið einhvern tímann á árunum 1630–1650. Sé aftur á móti fallist á þá skoðun Jóns Þorkelssonar að Bjarni hafi fæðst um 1545 og látist um 1625 má teygja ritunartímann aftur til um 1615.⁴⁷ Jón Espólin taldi að í áður tilfærðu erindi um misjafnan kost barna (þ.e. drengja) á skólavist og menntun væri að finna gagnrýni í garð Odds Einarssonar (1559–1630) Skálholtsbiskups. En hann var talinn harðrægur við að krefjast meðgjafar með skólasveinum og vildi helst að hún væri tryggð með veðum í jörðum eða jafnvel greidd með jarðapörtum.⁴⁸ Eigi þessi tilgáta við rök að styðjast hefur kvæðið verið ort fyrir 1630. Hvað sem því líður virðist ljóst að *Aldasöngur* hafi verið ortur á fyrstu áratugum 17. aldar eða a.m.k. fyrir miðja öldina.

45 Björn Jónsson, „Sálmaskáld úr alþýðustétt“, 133–136. *Sálmabók íslensku kirkjunnar* (Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2001), 296–297 (sálmur nr. 320).

46 Páll Eggert Ólason, *Mennt og menntir* IV, 426, 719. Páll Eggert Ólason, *Sextánda öld: Höfuðþættir*, Saga Íslendinga IV (Reykjavík: Menntamálaráð og Þjóðvinafélag, 1944), 348. Páll Eggert Ólason, *Seytjándi öld*, 332. Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar“, 406, 451–452, 453–454, 455–456. Sjá og Jón Þorkelsson, *Om digtningin på Island*, 400–401.

47 Jón Espólin taldi kvæðið ort 1616. Jón Espólin, *Íslands árbækur í sögu-formi* V (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1826), 137, 141. Sjá Jón Þorkelsson, *Om digtningin på Island*, 397–398, 404. „Aldasöngur, Einn fagur sálmur um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri. Skýringar“, *bragi.arnastofnun.info*, sótt 7. desember 2018 af <http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=1313>.

48 Sjá 11. erindi. Jón Espólin, *Íslands árbækur* V, 141. „Aldasöngur, Einn fagur sálmur um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri. Skýringar“, *bragi.arnastofnun.info*, sótt 12. desember 2018 af <http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=1313>. Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar“, 452. Sjá Helgi Þorláksson, *Saga Íslands* VI, 206–207.

Er *Aldasöngur* veraldlegt kvæði?

Eins og fram er komið hafa skoðanir verið skiptar um hvort flokka beri *Aldasöng* sem veraldlegt eða trúarlegt kvæði þótt flestir hafi hallast að hinu fyrrnefnda.⁴⁹ Verður hér vikið sérstaklega að því atriði.

Í flokkun sinni á bókmenntum barokktímans eða lærdómsaldarinnar (1550–1750) skiptir Böðvar Guðmundsson kveðskapnum þannig að aðeins sálmar teljast til trúarlegra bókmennta.⁵⁰ Veldur það líklega miklu um hve óhikað hann skipar *Aldasöng* í veraldlega flokkinn. En þrátt fyrir yfirskrift kvæðisins í handritum (sjá aftar) verður það traudla flokkað með sálumum í venjulegum lútherskum skilningi. Flokkun á borð við þessa tvískiptingu virðist líka gróf og formleg og sýnist nærtækara að taka ríkara tillit til inn-taks einstakra verka og efnistaka skáldanna þegar þeim skal skipað í veraldlegan eða trúarlegan flokk.

Þá má vera að fyrrgreint mat á *Aldasöng* ráðist af flokkun kvæðisins meðal heimsádeilukvæða. Sú kveðskapargrein kom fyrst fram á Íslandi á seinni hluta 15. aldar og í slíkum kvæðum var deilt hart á spillingu og félagslegt ranglæti.⁵¹ Oftast er litið svo á að þar sé um veraldlegan kveðskap að ræða og er slíkum kvæðum frá lærdómsöld gjarna skipt í rímur, ævi- og ellikvæði og heimslystarkvæði auk heimsósómanna.⁵² Hér skal varað við því að sú staðreynd að *Aldasöngur* er vissulega heimsósómakvæði sé látin valda því að kvæðið sé flokkað og túlkað sem veraldlegur kveðskapur. Í því sambandi ber að gæta þess að ádeila – jafnvel félagsleg gagnrýni – getur hvort heldur sem er verið sett fram á veraldlegan eða trúarlegan máta. Hér skal því enda haldið fram að einnig í þessu efni verði að taka tillit til efnistakanna og láta þau frekar en yrkisefnið skera úr um hvort um veraldlegar eða trúarlegar bókmenntir sé að ræða hverju sinni. Torvelt er líka að beita slíkri tvískiptingu á mörg kvæða Bjarna Borgfirðingaskálds og er *Aldasöngur* skólabókardæmi um það. Raunar orkar skipting menn-

49 Í sumum útgáfum hefur hin veraldlega hlið kvæðisins verið dregin fram með því að sleppa sumum þeirra erinda sem eru trúarlegs eðlis, sjá nmgr. 4.

50 Böðvar Guðmundsson, „Nýir siðir og nýir lærdómar“, 408–455.

51 Böðvar Guðmundsson, „Nýir siðir og nýir lærdómar“, 437, 452. „Aldasöngur, Einn fagur sálmur um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri. Skýringar“, *bragi.arnastofnun.info*, sótt 7. desember 2018 af <http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=1313>. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, Jakob Benediktsson ritstýrði (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Mál og menning, 1989), 114.

52 Böðvar Guðmundsson, „Nýir siðir og nýir lærdómar“, 436–442.

ingarlegra fyrirbæra almennt í veraldlegan og trúarlegan flokk mun meira tvímælis fyrir á tímum en á síðari öldum. Mikil umskipti urðu í þessu efni á upplýsingartímanum en þá drógust yfirráð kirkjunnar yfir fræðastarfi og bókaútgáfu mjög saman. Eftir upplýsinguna þjónar flokkunin mun meiri tilgangi en fyrir þann tíma. Öfugt við ofangreinda flokkun er hér litið svo á að trúarleg hugsun myndi rauðan þráð í *Aldasöng* jafnvel í enn ríkari mæli en í öðrum þekktustu heimsósómakvæðum okkar.

Guðrún Nordal hefur áður gagnrýnt flokkun heimsósómakvæðanna með veraldlegum kveðskap. Lítur hún svo á að kvæðin sem um ræðir séu þá fremur flokkuð eftir nútímaskilningi á bókmenntategundum og skoðunum nútímatúlkenda á einkennum kvæðanna en upphaflegu samhengi þeirra. Varar hún við að einhliða flokkun út frá nútímalegum sjónarmiðum geti rofið „[...] trúnaðinn við veruleika skáldsins.“⁵³ Þá hefur hún sýnt fram á að þekktustu heimsósómakvæði okkar frá fyrri öldum hafi verið varðveit með helgikvæðum og hafi því upphaflega verið flokkuð sem slík.⁵⁴ Á það má vissulega fallast. Sé það aftur á móti talið ofmælt út frá nútímasjónarmiðum virðist ótvírætt að þau séu öll ort út frá trúarlegri heimsmynd og beri henni augljós merki.

Heimsósóma- eða heimsádeilukveðskapur stóð með blóma bæði hér og víða erlendis á síðmiðöldum.⁵⁵ Gagnrýni þessara kvæða var oft sett fram með samanburði milli ríkjandi ástands og þess sem áður var, en það er

53 Guðrún Nordal, „Handrit, prentaðar bækur og pápísk kvæði á síðskiptaöld“, *Til heiðurs og hugbótar: Greinar um trúarkveðskap fyrri alda*, Snorrastofa. Rit 1, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir og Anna Guðmundsdóttir (Reykholt: Snorrastofa, Rannsóknarstofnun í miðaldafræðum, 2003), 132–133. Þegar í BA-ritgerð sinni frá 1982 benti G.N. á tengsl heimsádeilukvæða og helgikvæða. Hún lagði þó áherslu á að afstaða skáldanna til yrkisefnisins sem og meðferð þeirra og úrvinnsla á því sé svo ólík að um tvo bókmenntaflokka sé að ræða og að heimsósómarnir séu á mörkum trúarlegs og veraldlegs kveðskapar. Guðrún Nordal, *Heimsósómi: Athugun á upptökum íslensks heimsádeilukveðskapar*, (BA-ritgerð í íslensku, Háskóli Íslands október 1982), 1, 31–33, 36. Sjá og Guðrún Nordal, *Skiptidagar: Nesti handa nýrri kynslóð* (Reykjavík: Mál og menning, 2018): 77, 79–80.

54 Guðrún Nordal, „Handrit, prentaðar bækur og pápísk kvæði“, 133–142. Sjá og Guðrún Nordal, „Á mörkum tveggja tíma: Kaþólskt kvæðahandrit með hendi síðbótarmanns, Gísla biskups Jónssonar“, *Gripla XVI*, 2005, 217–225. Jón Þorkelsson flokkaði heimsósómakvæðin einnig sem trúarlegan kveðskap. Jón Þorkelsson, *Om dígtningen på Island*, 102–103. Sjá og frammar um mat Páls Eggerts Ólasonar.

55 Jónas Kristjánsson, „Bókmenntasaga“, 278. „Skýringar“, *Visnabók Guðbrands*, Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna, inngangur og skýringar eftir Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000), 470. Sjá Stefán Einarsson, *Íslensk bókmenntasaga*, 234–238.

ætið talið hafa verið mun betra, líkt og raun er á í *Aldasöng*.⁵⁶ *Heimsósómi* Skáld–Sveins er talið elst slíkra kvæða hérlendra. Ekkert er um Svein þennan vitað en kvæðið er talið ort um 1500 og af heiti þess er nafn kvæðaflokksins dregið.⁵⁷ *Heimsósómi* Skáld–Sveins er augljóslega ortur út frá trúarlegri heimsmynd eins og kemur fram í því að þar er gert ráð fyrir tilveru annars heims að þessu lífi loknu. Kemur þessi trúarlega hugsun best fram í lokaerindinu (sjá skáletur):

Þú ert á þessu róti
með þvílíkt líf og sál
sem skilur við heiminn hér.
Þú ert ei gjör af grjóti,
þú getur ei klæðst með stál,
þú flytur ei fé með þér.
*Tak þér vara því tími er aftur að venda,
trúna ber þér fram í veginn að senda.
Jesús Kristus láti oss lukku henda,
lífið gott og langt en bestan enda.*⁵⁸

Kvæði Skáld–Sveins þarf þrátt fyrir þetta ekki að flokkast sem trúarlegt, heldur getur það að nútímaskilningi talist siðfræðilegt og/eða félagslegt. En þar er varað við græðgi og ágrind og lýst afleiðingum slíkra ódyggða. Áhrif trúarlegu heimsmyndarinnar eru þó augljós.

Í vísnaþók Guðbrands Þorlákssonar sem kom út 1612 er að finna a.m.k. þrjú önnur heimsósómakvæði sem svipuðu máli gegnir um.⁵⁹ Þá orti trúarskáldið Hallgrímur Pétursson ýmis kvæði sem flokka má sem

56 Vésteinn Ólason, „Kveðskapur frá síðmiðöldum“, *Íslensk bókmenntasaga* II, ritstj. Vésteinn Ólason (Reykjavík: Mál og menning, 1993), 373–374. Böðvar Guðmundsson, „Nýir siðir og nýir lærdómar“, 437.

57 Böðvar Guðmundsson, „Nýir siðir og nýir lærdómar“, 373–376. „Skýringar“, 470.

58 Sjá og 12. og 15. erindi. „Um syndir og ósóma þessa heims: Gömul kvæði“, *Vísnaþók Guðbrands*, Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna, inngangur og skýringar eftir Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000), 230.

59 „Annar heimsósómi gamall“, „Þetta kvæði kallast heimsósómi“ og „Þetta er eitt kvæði um syndir og aðra ósiðu þessa heims“, *Vísnaþók Guðbrands*, Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna, inngangur og skýringar eftir Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000), 230–238. Guðdómurinn er oftast nefndur í síðastalda kvæðinu og getur það því talist trúarlegast.

heimsósóma þar á meðal *Aldarhátt* og *Flærðarsennu*. Bæði falla þau að trúarlegri heimsmynd 17. aldar þar sem velferð og sáluhjálp mannsins var það sem raunverulega skipti máli og litið var á veröldina sem vandlega skipulagða sköpun Guðs. Bæði eru þó mun veraldlegri en *Aldasöngur*. Þar er trúarlífið í landinu í brennipunkti auk þess sem trúfræðileg útlitun er fyrirferðarmikil. Í *Aldarhætti* er sjónarhornið aftur á móti veraldlegt þar sem samtíðarmenn höfundar eru gagnrýndir fyrir dáðleysi í samiburði við fornar hetjur. Í *Flærðarsennu* er á hinn bóginn fremur lögð áhersla á þá lífsspeki að hamingja mannsins felist í að búa við frið og vera sjálfum sér nógur en að staldrað sé við eilífa sálarheill hans.⁶⁰

Samanborið við þessi kvæði orkar mjög tvímælis að líta á *Aldasöng* sem veraldlegt heimsósómakvæði. Kvæðið skiptist eins og bent hefur verið á í 37 erindi í lengstu varðveittu gerðinni. Af þeim er rúmur helmingur trúarlegs efnis.⁶¹ Má þar nefna tvö fyrstu erindin og þrjú þau síðustu. Bjarni hóf kvæði sitt með ákalli til Guðs um að hann blási honum anda sinn í brjóst við samningu þess. Í kjölfarið kemur svo persónuleg játning skáldsins í 2. erindinu. Kvæðinu lauk Bjarni svo með lofgjörð á svipaðan máta og Hallgrímur Passíusálmum sínum síðar (sjá 37. erindi).

Hér verður litið svo á að *Aldasöngur* greini sig á marktækan máta frá flestum öðrum þekktustu heimsósómakvæðunum í því að hann beri skýrari einkenni trúarlegra bókmennta en þau. Virðist rúmur helmingur kvæðisins augljóslega vera trúarlegur en ekki aðeins ortur út frá trúarlegri heimsmynd. Þetta helst svo í hendur við að kveðskapur Bjarna skálda eins og hann kemur fram m.a. í *Aldasöng* er bæði persónulegur og frumlegur.⁶² Þá ber að hafa í huga að fyrir á tíð hafa menn litið á kvæðið sem trúarlegt eins og heiti þess í handritum bendir til. Í handritinu Adv. 21.7.17 kallast það „Eirn psalmur með sínum tón“ en „Umm Islands Hrørnan. Ein psalmvijsa

60 Margrét Eggertsdóttir, *Barokkmeistarinn*, 228, 234, 236, 239–240. Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar“, 427–429. Hallgrímur Pétursson, *Ljóðmáli I*, Ritsafn Hallgríms Pétursonar I, Margrét Eggertsdóttir bjó til prentunar, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 48 (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2000), 15–21, 24–41.

61 Hér er átt við erindi 1–2, 20–23 og 25–37. Auk þeirra fjalla svo 12 erindi (8–19) um siðbótina og afleiðingar hennar en þau eru þó ekki öll trúarleg í sama skilningi og fyrrnefndu erindin.

62 Böðvar Guðmundsson, „Nýir síðir og nýir lærdómar“, 45. Sjá og Páll Eggert Ólason, *Seytjándi öld*, 331. Stefán Einarsson, *Íslensk bókmenntasaga*, 246.

med síjnumm Ton“ í JS 136, 8^{vo}.⁶³ Vísar undirtitill greinarinnar til þess. Þá er handritið JS 229, 8^{vo}, sem hér er byggt á, flokkað sem sálmakver, eins og drepið var á. Þar er *Aldasöngur* því varðveittur með trúarlegum kveðskap. Hér aftar verður fjallað ítarlegar um trúarlega hlið kvæðisins.

Trúfræði *Aldasöngs*

Í hinum trúarlega hluta kvæðisins er að finna fyrrnefnda upphafsþæn og trúarjátningu skáldsins. Þar er einnig að finna þakkargjörð vegna blessunar og verndar Guðs bæði í veraldlegum og andlegum efnum (25. og 26. erindi), sem og n.k. almenna kirkjubæn þar sem beðið er fyrir yfirvöldunum en jafnframt hinum snauðu og raunar þjóðinni allri (21.–23. erindi, tvö síðari erindin eru hluti sérefnis B-handrita). Þá koma þar fyrir eskatológísk áköll til Guðs um að koma í dýrð sinni til að dæma höfðingja þessa heims, þ.e. djöfulinn, frá völdum eins og skáldið gerir í hinu kröftuga 20. erindi (sjá skáletur). Við sama tón kveður svo í næstsíðasta (36.) erindinu þar sem skáldið biður Krist að frelsa sig frá ósóma þessa heims og hrífa sig til fegurra tilverusviðs. Víðar gætir eskatológískra stefja í kvæðinu og er það athyglisvert en í fullu samræmi við önnur trúfræðileg atriði sem þar koma fyrir.

Endurlausnarboðskapurinn tekur mest rými í þessum trúarlega hluta kvæðisins en hann kemur fram í erindum 27–35 auk þess sem fyrrgreint 36. erindi hefur að geyma náskyld efni.⁶⁴ Þessi endurlausnarþáttur hefst með syndajátningu. Játning skáldsins um persónulega endurlausn sína er þar líka fyrirferðarmikil (28.–31. og 35.–36. erindi). Hér ber þess að gæta að 29. erindið er hluti af sérefni B-handritanna. Ekki má því byggja of víðtækar ályktanir á því einu.

Bjarni útlistar einnig endurlausnarverk Krists almennt í erindum 33 og 34. Þar lýsir skáldið endurlausnarverkinu sem baráttu góðs og ills (sjá skáletranir) þar sem hið góða, eilífur sonur Guðs klæddur manndómi, vinnur sigur á hinu illa, hér í mynd rotins hunds helvítis. Útlistun á borð við þessa nefndi sænski guðfræðiprófessorinn og biskupinn Gustaf Aulén (1879–1978) dramatíska eða klassíska endurlausnarkenningu. Taldi Aulén

63 Um Adv. 21.7.17 sjá framar. Í JS 136, 8^{vo} er kvæðið að finna á bl. 39r–40v.

64 Bent skal á að endurlausnarboðskapurinn kemur bæði fram á persónulegu sviði og almennu og nær þar með yfir tvo efnisflokkva kvæðisins eins og þeir voru kynntir í inngangi.

hana hafa verið ríkjandi allt fram undir aldamótin 1000 en að hún hafi síðar á löngum tímabilum fallið í skuggann af annars konar útlistunum á endurlausnarverki Krists. Þá leit hann svo á að Marteinn Lúther hafi gengið út frá þessari kenningu.⁶⁵ Það var enda mikilvægur þáttur í siðbótarviðleitni hans að hverfa aftur til upprunalegrar framsetningar trúarlærdómanna á grundvelli þeirrar sannfæringar að Ritningin ein væri gild mælisnúra á trúarkenninguna. Það kemur skýrt fram í einu af kjörorðum hans *sola scriptura* (Ritningin ein).

Í þessum trúfræðilega hluta kvæðisins endurspeglast einnig öll helstu guðfræðilegu kjörorð Lúthers og raunar ýmissa annarra siðbótarmanna á 16. öld. Auk *sola scriptura* voru þau *sola fide* (fyrir trúna eina), *solus Christus* (Kristur einn) og *sola gratia* (náðin ein). *Sola fide* endurspeglast í trúartrausti skáldsins sem kemur fram víða í kvæðinu og ekki hvað síst í 30. og 31. erindi (sjá skáletur). *Solus Christus* kemur vel fram í 2. erindi, 27. (sjá skáletur) og 29. erindi (sjá tvær fyrstu hendingarnar) en það síðasttalda er vissulega hluti af sérefni B-handritanna eins og þegar hefur verið bent á. Loks kemur *sola gratia* fram í 28. erindi (sjá skáletur) svo nokkuð sé nefnt.

Auk þessa virðist lútherskur sakramentisskilningur greinilega koma fram í 29. erindi kvæðisins (sjá skáletur). Þar eru skírn og kvöldmáltíð nefndar í sömu andrá og svo er að sjá að Bjarni hugsí sér að í kvöldmáltíðinni sé beggja efnanna neytt (*communio sub utraque*). Af ástæðum sem þegar hafa verið tíundaðar þarf þetta þó ekki að vera upprunalegur hluti þeirrar trúfræði sem sett er fram í *Aldasöng*.

Þrátt fyrir að *Aldasöngur* sé ortur af leikmanni og hafi að geyma ádeilu, jafnvel félagslega gagnrýni, virðast hér komin sterk rök fyrir að flokka kvæðið sem trúarlegan kveðskap. Þá rúmast trúfræði Bjarna skálda prýðilega innan lútherskrar siðbótarguðfræði, burtséð frá þeim gagnrýna tóni sem fram kemur í þeim hendingum sem helst hafa haldið kvæðinu á lofti í seinni tíð og gylla fortíðina í páfadómi. Þá verður ekki séð að í trúfræði *Aldasöngs* gæti neinna kaþólskra trúarleifa hvað sem segja má um önnur verk skáldsins.

65 Gustaf Aulén, *Christus Victor: An Historical Study of the Three Main Types of the Idea of the Atonement*, ensk þýð. A.G. Hebert (London: SPCK, 1970), 1–15. Aulén fjallar einnig um hugræna (e. *subjective*) og hlutlæga (e. *objective*) endurlausnarkenningu. Samkvæmt þeirri fyrrnefndu kemur endurlausnarverkið til leiðar afstöðubreytingu hjá einstaklingnum og sættir hann við Guð. Samkvæmt hinni síðari verður breytingin frammi fyrir Guði en utan mannsins sjálfs, þ.e. Guð sýknar einstaklinginn eða tekur hann í sátt.

Gagnrýni á kristnihald og afstaða til siðbótarinnar

Gagnrýni á kristnihald í kjölfar siðaskipta myndar annan fyrirferðarmesta hluta *Aldasöngs* eftir hinum trúarlega og tekur hann til 12 erinda eða um þriðjungs kvæðisins.⁶⁶ Ekki er því að undra þótt kvæðið hafi orðið tákni fyrir það túlkunarviðhorf að allt hafi staðið með meiri blóma um daga páfadómsins (8. erindi) og að almennt hafi verið litið svo á að Bjarni hafi talið að öllu hafi hrakað við siðaskiptin: trúarháttum, mannúð, mannkærleika, atvinnuvegum og jafnvel veðurfari og landsgæðum.⁶⁷ Þessi túlkun er vissulega nærtæk þar sem Bjarni greip í þessum hluta kvæðisins til þeirrar algengu aðferðar í heimsósómakvæðum að bera samtímamann saman við fyrri tíma.

Gagnrýni Bjarna er vissulega að hluta til á almennum nótum og samanburður hans tekur jafnvel til hreinna hagrænna atriða (sjá 9. erindi). Þá örlar líka á þeim skilningi að „kærleikur manna á milli“ hafi farið þverrandi eins og líka kemur fram í hinum félagslega gagnrýna hluta kvæðisins (sjá síðar).

Að hluta til var ádeilan þó sértæk og beindist að einstökum atriðum þeirrar viðhorfsbreytingar sem orðin var. Gagnrýndi Bjarni t.d. þverrandi trú á vitranir og drauma í hinum nýja sið (17.–19. erindi) þótt slík fyrirbæri ættu sér sterka stoð í Ritningunni, bæði Nýja og Gamla testamentinu. Bent hefur verið á í þessu sambandi að Bjarni skáldi hafi verið sannfærður um að til væri hæfileiki til að sjá gegnum „[...] hóla, holt og steina“, og hafi hann sjálfur verið skyggn.⁶⁸ Mikill munur er þó á skyggni og vitrunum á borð við þær sem hér er um að ræða.

Þrátt fyrir þessa gagnrýni má færa rök að því að afstaða Bjarna skálda til siðbótarinnar sem slíkrar hafi þó alls ekki verið neikvæð. Það kemur best fram í því, eins og drepíð hefur verið á, að hinn trúarlegi hluti kvæðisins myndar uppistöðu þess en þar er að finna hreinan og kláran lútherskan trúarlærdóm. Þá kemur fram jákvæð afstaða til siðbótarinnar í lok 12. erindis þar sem segir að þrátt fyrir ýmiss konar afturför sé kenningin þó „[...] fögur að vanda.“ Þá kemur eindregin jákvæð afstaða til siðbótarinnar

66 Hér er átt við 8.–19. erindi. 17. erindið er hluti af sérefni B-handrita. Erindi 11 er hér talið með en það er þó líka hluti af félagslegri ádeilu kvæðisins. Hér spannar sama þema nokkra efnisþætti kvæðisins líkt og raun er á með endurlausnarstefið (sjá framar).

67 Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, 711–714.

68 Jón Þorkelsson, *Om digtningen på Island*, 402–403.

fram í 16. erindi (sjá skáletur). Þar lýsir skáldið því yfir að um þess daga sé heilagt orð Guðs boðað og það flutt í „bókum góðum“, þótt fáir gefi því vissulega gaum. Lýsir þetta jákvæðu grundvallarviðhorfi til siðbótarinnar. Sú gagnrýni sem *Aldasöngur* er þekktastur fyrir beindist enda ekki að kenningarlegum atriðum nema síður væri heldur að ýmsum ytri þáttum kristnihaldsins. En Bjarni fullyrti að bækur, ornament, bílæti, líkneskjur og klukkur fari forgörðum í samtíð hans (10.–13. erindi) um leið og helgihaldinu fari hrakandi a.m.k við útfarir.⁶⁹ Lýsing skáldsins á kirkjunum og nánasta umhverfi þeirra er líka ófögur eins og þar sem segir að kirkjum sé ekki haldið við og skepnur traðki niður kirkjugarðana (sjá 13. erindi skáletur).

Í framhaldi af þeirri nóturlegu mynd af guðshúsunum og grafreitunum sem þarna er dregin upp gagnrýndi Bjarni svo sérstaklega einn þátt kristnihaldsins, þ.e. útförina (14. og 15. erindi). Hann taldi henni mjög hafa farið hrakandi um sína daga og væri hún þá um stundir jafnvel óvirðulegri en verið hefði í heiðni.

Vissulega taldi Bjarni að yfirsöngnum eða helgihaldinu í tengslum við útförina hafi farið aftur. Þess ber líka að gæta að í kirkjum siðbótarinna voru helgisiðir í tengslum við greftrun einfaldaðir mikið.⁷⁰ Hefur sú breyting væntanlega ekki verið öllum geðfelld. Gagnrýni hans beindist þó ekki síður að ytri hlið greftrunarinnar eða frágangi líksins í gröfinni og umgengninni um kirkjugarðana. Viða í lútherskum löndum var grafreitum raunar sýnd lítill ræktarsemi í kjölfar siðaskipta og að minnsta kosti fram á 18. öld.⁷¹ Lítið er vitað um stöðu mála hér á þeim tíma.

Ádeila er ávallt byggð á huglægu mati ekki síður en persónulegri reynslu og/eða vitneskju. Af þeim sökum ber að varast að nota gagnrýni á borð við þá sem Bjarni Borgfirðingaskáld setti hér fram sem heimild um raun-

69 Sjá lokahendingar 14. erindis.

70 Mest áhersla var lögð á að klukku væri hringt þegar líkið var borið að gröfinni og að prestur varpaði rekonum. Var þetta mikil breyting borið saman við sálumessuna og önnur ritúöl sem tengdust dauða og útför á kaþólskum tíma. Inger Marie Tønnessen, „Kirkelige handlinger i etterreformatorisk tid – praksis og teologisk innhold“, *Alt mellom himmel og jord: Religion, prest og kirke i lokalsamfunnet*, ritstj. Hans Hosar (Ósló: Norsk lokalhistorisk institutt, 2003), 69–73.

71 Jonsson, Magdalena, Rälla begravningsplats: Kulturhistorisk inventering av kyrkogårdar/begravningsplatser i Växjö stift 2007, bls. 5, *kalmarlansmuseum.se*, sótt 9. september 2019 af https://www.kalmarlansmuseum.se/site/assets/files/11880/ralla_begrav.pdf.

verulegt ástand. Hér vaknar þó sú spurning hvort draga megi þá ályktun af þessum lýsingum Bjarna að þjóðinni hafi í raun reynst torvelt að halda uppi sæmilegri reisu í kristnihaldi sínu á þeim erfiðleikatímum sem hún gekk í gegnum á fyrri hluta 17. aldar eða um það leyti sem *Aldasöngur* var kveðinn. Bjarna hefur þá ekki hvað síst blætt í augum að söfnuðinum hafi jafnvel verið ofviða að veita látnum sómasamlega greftrun. Það hefur þó ekki einungis stafað af slæmu árferði heldur miklu fremur pestarfarir.

Á öðrum áratugi 17. aldar geisðu mannskæðar sóttir í landinu og kvað þar mest að bólufaraldri sem barst til landsins 1616 og olli miklu mannfalli. Kom jafnvel til skipulegra fólksflutninga milli landshluta til að fylla upp í verstu skörðin.⁷² En einmitt þetta ár telja sumir að *Aldasöngur* sé saminn.⁷³ Svo þarf þó alls ekki að vera og bóla gekk svo að nýju 1635–1637.⁷⁴ Þegar mannfækkun af hallærum bættist við drepsóttirnar er líklegt að torvelt hafi reynst að veita öllum verðuga greftrun og yfirsöng í fámennum sveitum og sóknum. Til dæmis er talið að um 9000 manns hafi látist úr harðrétti og pestum á árunum 1602–1604.⁷⁵

Gagnrýni Bjarna skálda á útförina í kjölfar siðaskipta og raunar á ýmis fleiri ytri atríði trúarlífsins, svo sem viðhaldi kirkna og varðveislu kirkjugripa, getur því vel hafa staðist þótt skýringarnar kunni að vera aðrar en bein áhrif siðaskiptanna. Er þá átt við að ýmis menningarverðmæti hafi farið forgörðum vegna erfiðra ytri aðstæðna. Þrátt fyrir samanburðinn milli samtíðar skáldsins og páfadómsins er heldur ekki augljóst að Bjarni hafi litið svo á sjálfur að beint orsakasamband hafi verið milli hnignunarinnar og siðaskiptanna. Þar er líklega fremur um túlkun síðari tíma lesenda að ræða. Hitt er ljóst að sú hefðbundna aðferð heimsósómakvæða að bera saman samtíð og fortíð hlaut að beina Bjarna á þá braut að leita hinnar glæstu fortíðar einmitt í páfadóminum vegna þess hve skammt var liðið frá siðaskiptum.⁷⁶

72 Helgi Þorláksson, *Saga Íslands* VI, 278.

73 „Aldasöngur, Einn fagur sálmur um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri. Skýringar“, *bragi.arnastofnun.info*, sótt 7. desember 2018 af <http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=1313>.

74 Helgi Þorláksson, *Saga Íslands* VI, 289.

75 Böðvar Guðmundsson, „Nýir siðir og nýjar bókmenntir“, 454.

76 Í *Aldasöng* kemur einnig fram samanburður við heiðni (sjá 15. erindi) en er þá fremur til að styrkja þá gagnrýni sem fæst með samanburði við páfadóminn.

Félagsleg ádeila

Í *Aldasöng* kemur fram almenn félagsleg ádeila auk gagnrýni á kristnihaldið. Hana er t.d. að finna í 11. erindi sem vikið var að hér frammar en þar beinist gagnrýnin að þeim ójöfnuði er Bjarni taldi æskufólk búa við og olli meðal annars mismunandi aðstöðu til náms og menntunar. Veraldleg ádeila kemur líka fram í 3.–5. erindi þar sem félagslegt misrétti og gjálfi forréttinda-stéttarinnar er gagnrýnt. Beint samband er oft milli félagslegrar ádeilu skálda og annarra samfélagsrýna og greiningar þeirra á samtímaaðstæðum. Slík tengsl má greina í *Aldasöng* en þar lýsir Bjarni aðstæðum í samtíma sínum einkum í erindum 6 og 7.⁷⁷

Á fyrri hluta 17. aldar eða um það leyti sem *Aldasöngur* var kveðinn var skammt milli eldgosa, hafisára, snjóavetra og grasbrests þótt einnig brigði stundum til hins betra með gjöfulum vertíðum og góðum heyskaparsumrum. Almennt má þó líta svo á að þetta tímabil hafi verið þjóðinni erfitt, kjör hennar hafi versnað og að mannfækkun hafi átt sér stað.⁷⁸ Kemur þetta glöggt fram í þeim heitum sem mörgum vetrum á þessu skeiði voru valin m.a. í annálum: Lurkur (1600–1601), Píningsvetur (1602), Eymdarár (1604), Svellavetur (1625), Frostaharðindisvetur (1627), Jökulvetur (1630), Hvítivetur (1633–1634), Bauluhaust (1639) og Glerungsvetur (1648).⁷⁹ Vera má að hin „bleika“ sól sem Bjarni minnst á í 6. erindi hafi verið algeng sjón um það leyti sem hann orti *Aldasöng* og að litur hennar hafi stafað af gosmóðu og ösku í andrúmslofti eða hugsanlega frostpokum.

Hallæri með skepnudauda og jafnvel mannfelli hafði marghátuð félagsleg áhrif fyrir á tíð. Hannes Finnsson (1739–1796) Skálholtsbiskup sem fyrstur manna ritaði um lýðfræði hér á landi segir í inngangi að riti sínu um mannfækkun af hallærum að drepsótt, stríð og dýrtíð séu álitnir „[...] þeir snörpustu vendir í Guðs hendi [...]“.⁸⁰ Hann áleit að fyrir á tíð hafi stríð verið skaðvænlegri en drepsóttir en að það hafi snúist við með bættu siðferði í styrjöldum. En hann áleit að meðal siðaðra þjóða hafi skapast sú venja að þyrma konum og börnum. Drepsóttir gangi á hinn bóginn jafnt

77 Sjá og 22. erindi. Þar kemur fram að slæmt árferði hefur verið og skortur gert vart við sig um það leyti er kvæðið var ort. Erindið er þó hluti af sérefni B-handrita.

78 Helgi Þorláksson, *Saga Íslands* VI, 265–294.

79 Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, Jón Eypórsson og Jóhannes Nordal sáu um útgáfuna, (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1970), 47–60.

80 Sama rit, 1.

yfir alla. Hannes taldi „hallæris-húngrið“ þó vera bitrasta sverðið í hendi Guðs syndugum mönnum til betrunar:

Það vægir hvorki úngum né gömlum, það deyðir eptir lánga pínu, það færir með sér heilan her af sjúkdómum, það rífur burt kvikfénað og bústofn, er lengi á í að nást aptur, eptir að húngrinu hefir aflinnt [...].⁸¹

Hannes taldi þó hinar félagslegu afleiðingar hungursins ekki minnst verðar: „Það færir með sér rán og stuldi, meðan það yfirstendur, en síðar dugnaðar- og stjórnleysi með sjálfstæði, sem viðbrennur lengi á eptir, [...]“.⁸² Á tímum er hver varð að bjarga sér í samfélagi án trygginga og velferðarkerfis fóru gripdeildir að sjálfsögðu í vöxt þegar illa áraði. Eftir á taldi biskupinn svo að agaleysi færðist í aukana.

Mannfellir skapaði að sönnu aukinn félagslegan sveigjanleika sem mögulegt var að hagnýta sér með ýmsu móti. Hjú gátu hlaupið úr vistum og orðið sjálfs sín herrar er jarðnæði losnaði og mögulegt varð að freista þess að hokra á eigin vegum. Eignarhald á jörðum var þó á fárra höndum í íslenska bændasamfélaginu og safnaðist jafnvel á enn færri hendur þegar hallæri með manndauða og drepsóttir gengu yfir.⁸³ En sóttirnar felldu bæði ríka og snauða hvað svo sem um fæðuskortinn mátti segja. Auðæfi eignættu hafa því aukist í mannskæðum plágum og andstæðurnar milli ríkra og snauðra fremur aukist en minnkað. Hugsanlega er þetta sá veruleiki sem heimsósómakveðskapurinn er sprottinn úr.⁸⁴

Hannes Finnsson áfældist almúgann fyrir los og lausung er hann taldi hafa fylgt „hallærishungrinu“. Bjarni skáldi leit öðruvísi á í hinu beitta 5. erindi *Aldasöngs*. Þar kallaði hann þá sem auðgast höfðu á ástandinu miklu frekar til félagslegrar ábyrgðar en síður hina snauðu sem vissulega reyndu að bjarga lífi sínu – hugsanlega með ránum og stuldum – þegar ölmusugæði hinna ríku hrukku ekki til. Þá dregur 4. erindið fram óhóf og græðgi hinna ríku sem sækjast eftir veraldlegum munaði (sjá skáletur) en gleyma því sem meiru skiptir, þ.e. eftirvæntingunni eftir hinni eskatólógísku framtíð er brúðguminn, Kristur vitjar sinna (sjá lokahendingar og nmgr.

81 Sama rit, 1.

82 Sama rit, 1.

83 Axel Kristinsson, *Hnignun, hvaða hnignun?*, 170.

84 Guðrún Nordal, *Skiptidagar*, 75–76, 80.

33). Sýnir þetta að traust tengsl eru milli hinnar félagslegu gagnrýni sem sett er fram í kvæðinu og guðfræðilegrar heildarsýnar þess líkt og raun er á í svokallaðri „kontextual“ guðfræði sem ruddi sér til rúms á síðari hluta 20. aldar.⁸⁵

Niðurstöður

Hér hafa verið færð rök að því að hið þekkt heimsósómakvæði Bjarna Borgfirðingaskálds, *Aldasöngur*, sé í raun að verulegu leyti trúarlegt kvæði og greini sig á þann hátt frá sambærilegum kvæðum hérlendum sem beri þess frekar einkenni að vera ort út frá trúarlegri heimsmynd án þess að geta þar fyrir talist trúarleg í sértækri merkingu. Þetta kemur best fram í því að rétt um helmingur erindanna í kvæðinu er trúarlegs efnis. Þá hefur verið sýnt fram á að sá trúarlærdómur sem er að finna í kvæðinu kemur vel heim og saman við lútherska kenningu þar sem áhersla er lögð á Ritninguna eina, trúna eina, náðina eina og Krist einan syndugum mönnum til sálhjálp. Er þetta athyglisvert þegar þess er gætt að höfundurinn var óskólagenginn maður fæddur á fyrstu áratugum lúthersks siðar í landinu. Þá lét skáldið ótvírætt í ljós jákvæða afstöðu til siðbótarinnar sem komið hafi því til leiðar að „fögur kenning“ væri nú flutt (12. erindi) á grundvelli „heilags guðs orðs“, m.a. í „góðum bókum“ þótt fáir skeyttu um það eða gæfu því gaum (16. erindi sjá skáletur). Ekki verður séð að þessi niðurstaða sé háð því að sérefnið í B-flokki handrita sé upprunalegur hluti kvæðisins. Í því sambandi kemur 29. erindið einkum til álita en þar er haldið fram lútherskri sakramentisguðfræði. Jafnvel þó ekki sé tekið tillit þess kemur lútherskur trúarskilningur eigi að síður glöggt fram í *Aldasöng*. Loks koma kaþólskar trúarleifar ekki fram í kvæðinu.

Bjarni Borgfirðingaskáld var glöggskyggn og gagnrýninn á samtíð sína og kemur það bæði fram í lýsingum hans á kirkjulegum og veraldlegum aðstæður um hans daga. Þegar um kristnihaldið er að ræða fann Bjarni m.a. að því að kirkjur væru láttnar hrörna og fúna og gripir þeirra og skraut fara forgörðum. Bent er á að hér kunni aðfinnslurnar að beinast

85 „Kontextuel“ guðfræði mótast af ríkjandi aðstæðum á hverjum stað og hverjum tíma. Hún leiðir til gagnrýni á félagslegar aðstæður og hvetur til réttlætis og umbóta. Í sértækri merkingu er heitið notað um ýmsar guðfræðistefnur sem fram komu á síðari hluta 20. aldar. Jens Holger Schørring, „1800 til i dag“, *Kirkens historie 2* (Kaupmannahöfn: Hans Reitzels forlag, 2012), 676–681. Martling, Carl Henrik, *Svenskt kyrkolexikon. En kortfattad teologisk uppslagbok* (Skellefteå: Artos, 2005), 173.

að raunverulegum aðstæðum sem yfirstandandi harðæri í landinu á fyrri hluta 17. aldar hafi valdið mestu um. Þá gengu mannskæðar sóttir og hallæri yfir sem vel getur hafa valdið því að erfitt hafi reynst að halda við kirkjum og kirkjugörðum og veita öllum þeim sem féllu frá sómasamlegan umbúnað í gröfunum. Sú aðferð sem Bjarni beitti í gagnrýni sinni og sótti til heimsósómahefðarinnar, þ.e. að bera saman samtíðina og fyrri tíma, hafði aftur á móti þau áhrif að hin upphafna fortíð, sem Bjarni dró upp sem fagurt eftirdæmi, hlaut að verða sótt til „páfadómsins“ eða hinna kaþólsku miðalda sökum þess hve skammt var liðið frá siðaskiptum. Það kann svo að hafa valdið því að síðari tíma lesendum hefur að mestu sést yfir að *Aldasöngur* er þrátt fyrir allt að verulegu leyti lútherskt trúarkvæði. Skáldinu kann því að vera viss óleikur gerður eða „trúnaður rofinn“ við það þegar hendingar úr kvæðinu hafa verið gerðar að eins konar yfirskrift yfir það viðhorf að hér hafi orðið allsherjarhrun – meðal annars á trúarlega sviðinu – vegna siðaskiptanna. Hér verður a.m.k. að taka tillit til hvors tveggja í senn: lúthersks trúarskilnings skáldsins og jákvæðrar afstöðu þess í garð siðbótarinnar annars vegar og gagnrýnnar á kirkjulegar aðstæður sem fram kemur í kvæðinu hins vegar. Hingað til hefur verið einblínt á siðartalda atriðið.

Í *Aldasöng* kemur einnig fram greining skáldsins á félagslegum aðstæðum á sinni tíð sem það taldi einkennast af vaxandi ranglæti og kærleiksleysi samfara auknum andstæðum milli ríkra og fátækra sem rekja má til þess harða árferðis sem ríkjandi var. Vegna þessarar samfélagsgagnrýni má líta svo á að í *Aldasöng* Bjarna skálda komi fram guðfræði af því tagi sem á síðari árum hefur verið kölluð „kontextuel“. Í slíkri guðfræði felst að hún tekur tillit til ríkjandi aðstæðna á hverri tíð, greinir þær og gagnrýnir út frá trúarlegum forsendum og hvetur fólk til að snúast til betri háttu, aukins réttlætis og samstöðu.

Af *Aldasöng* má ráða að Bjarni skáldi hafi verið vel upplýstur og biblíufróður humanisti sem var þess megnugur að taka sjálfstæða afstöðu til bæði kirkjulegra og félagslegra aðstæðna, greina samtíma sinn og átta sig á hvernig ríkjandi aðstæður um hans daga léku samfélagið: ollu djúptækari mun á ríkum og snauðum og kölluðu fram aukna félagslega hörku auk þeirrar kirkjulegu hnignunar sem skáldinu sveið. Aftur á móti verður ekki séð að hann hafi kennt siðaskiptunum og enn síður siðbótinni sérstaklega um þá afturför sem hann taldi sig vera vitni að.

Alldar Saungur

Texti handritsins JS 229, 8vo

Toon: Gled þig guds sonar brud

1. Wppwek þu maled mitt,
minn gud hlioodfæred þitt,
lattu þess streijngje standa,
med stillijng heijlags anda,
so hafne eg hiegöma æde,
enn huxe um andleg giæde.
2. *A þinn eijngietinn son,
óll er mijn tru og won,
hann gledur mitt gied og sinne,
gleijmer eij salu minne,
hef eg eij annad hæle,
þuij heijmur er sorgarbæle.*
3. Lioned þuij leijkur sier,
wid lómbenn drottens hier,
dufunne falkinn fargar,
þa flijgur hun sier til biargar
hanarner heijmsins stata
enn hænu ungarnir grata.
4. *Haffruenn⁸⁶ hleipur ær,
þa herrann gijuna slær,
er hun ad dansa og dilla,
enn drekinn gamle ad spilla
sifiadar meijar sitia
seijnt will brudgumenn witia.*
5. Mióg lijtel miskun siest,
menn, hafa kiærleijks brest,
okur og ötru kallda,
aungwar sinder þo hallda,
allfaer aumum skeijta,
sem ólmusunnar leijta.
6. Soolinn guds siest nu bleijk,
sem gull þad liggur i reijk,
blömostur og alfur allar,
eijns fóllt og gamler kallar,
ær huórt ber anaud stranga,
ófugt will margt frammganga.
7. Nu dregur fiuk og frost,
ur fienade allann kost,
urkomur ijs og sniöar,
ooar til lands og siooar,
sumarid sem menn kalla,
siast nu fuglarnar walla.
8. Allt hafde annann röm,
aður i pawadöm,
kiærleijkur manna a mille,
margt foor þa wel med snille,
Jsland fieck lofid leijngje,
liött þo hier margt framngeijngje.

86 Haffruenn: svo 229 en i öðrum handritum *hoffrúin*.

9.

Gvudhrætt hier flest var fólk,
frabær kostur i miolk,
fiskur lax fuglaweiðje,
um fióll wid sioo aheijde,
er skrad j annals letre,
Jsland war Noreg betre.

10.

Kijrkur og heijlóg hus,
huór willdi biggia fus,
gafu til gotsed hreijna,
grafnar brijkur og steijna,
klerkar Psalltarann sungu,
sueijnar og pilltar ungu.

11.

Liens fienu olust a,
öriakra bórnenn þa,
nu eru þaug óll a roole,
eijnu fæst walla skoole,
ef ödul ad erfdum bære,
óll þa til kienslu fære.

12.

Allt skrif og ornament
er nu hid gamla brent,
bilæte Christi brotinn,
blód og lijkneske rotinn,
kluckur kolf lausar standa,
kiennijng þo fógur ad wanda.

13.

Frekud þo tolla tekt,
tuófólld þar lógd wid seckt,
hus drottins hrórna og falla,
breijn þo sum standa walla,
klauftródnar kua beijter,
christinna manna reijtir.

14.

Er það eij aumt ad sia,
ejirn christinn fellur fra,
hann andast eins sem hræed,
an saungs sem fuglar dæe,
asnar ofann a ganga,
upp ur jórd beijnenn stanga.

15.

Þa godanna willann war,
menn wissu af gude eij þar
heidner sier haug a jórdi,
huldur og filsne giórdu,
groofu þar granna fröma,
med glede og ærinn soma.

16.

Allskonar eimd og strijd,
antrar nu christinn lijd,
drottinsord breijnt nu hlioodar,
hier liggia bækur goodar,
allfaer umm þær sinna,
oss will so heijmurenn ginna.

17.

Nu gillda eij siooner grand,
sem ganga umm þetta land,
skrifad er skjirt med penna,
skipad war þær ad brenna,
allmargur ad þeim hædde,
sem um þad nockud rædde.

18.

Johannes siooner sa,
wid siooenn Pathmos þa,
Pall, Petur postular sniallir,
prophetar drottins aller,
sijna witrán hvór sagde,
sannleijk eij iferþagde.

19.

Sa er nu sagdur ær,
er sanna witrán fær,
dristuger díófle ad hneigia,
drauma og chrisner seigia,
hugweijkann ma þad hræda,
huad menn umm siooner ræda.

20.

*Drottinn dijrdar kom þu,
döm snart ad hallda nu,
hófdijngenn heijms er ad glijma,
hafande stuttann tijma,
bórnenn þijn breijsk ad wanda,
brógdum hans eij vid standa.*

21.

Blesse gud lógmenn lands,
sem liggia i fadmi hanz,
kong worn, og klerka snialla,
christninnar walldsmenn alla,
biskupa bæda i lande,
blessan guds ifer þeim stande.

22.

Minn gud heijr mijna boon,
þijn miskun hafe ummsiön,
firer fatækum saudum,
sem flækias i landsinz naudum
órwasa aumer ganga,
atwinnu litla fanga.

23.

Wort auma Jsalad,
alijttu gud med nád,
fölk allt og frændur mijna,
fel eg i geijmslu þijna,
bórn kvinnur bændur alla
sem blessadann þig akalla.

24.

*Umwofrast Jslands krær,
eg hef nær siótiju ær,
lifad opt litlu a braude,
lafað wið kijr og saude,
ef aunnur eins til falla,
Jslands mun giædum halla.*

25.

Gvud minn eg þacka þier,
þu hefur werid hia mier,
med adstod eijngla þinna
til ellidaganna minna,
og mig frá modur lijfe
ur mórugu frelsad kijfe.

26.

Jafnann þijn heijlóg hónd,
hefur nu mijna ónd,
a weralldar willu sloodum,
wared med eijnglum goodum,
firer þeijm owin jlla,
sem óllu giórer ad spilla.

27.

Ötal móróg sindasar,
mig sært hefur wijtiss ar,
þa hefur þu herrann goode,
hellit þar i þijnu bloode,
liest so ölifian alla,
i eijturblódrunnar falla.

28.

Þa heijmur og holldid spillt,
hefur mig frá þier willt,
þijn nædargiæskann gooda
giórde mier fadminn biooda,
mig vafdi i weijkleijk mijnum,
under wængunum sijnum.

29.

O Jesu óndinn mijn,
er leijst med benium þijn,
holld þitt er hennar fæda,
breijn truinn skjirnarklæde,
blood þitt hun hefur a borde,
blessad med þijnu orde.

30.

Sueij werde Sathan þier,
þig sære eg i burt fra mier,
haf þig til heliar ranna,
med hoopenn þinna granna,
jeg wil a Jesum trua,
og jafnann hia hónum bua.

31.

Fer eg a herdum hans,
heijm til mijns fódurlandz
so næ eg eijlijffum aude,
sem af mier sueijk hinn snaudi
diófull med drambid kiæna,
þa dijrd gud willdi ræna.

32.

Hann hugde ad hafa ræd,
umm himin og jardarlad,
sa ward hónum biör ad banne,
sem blandade firsta manni,
heliar brodd haatt uppspente,
i haus hans fleijrninn lente.

33.
Þess atte hann alldreij won,
ad almattugur gudsson
munde manndöme klædash,
af meiju hreijrni fædash,
*helwigtiss ofann til heria,
sitt hófud sundurmeria.*

34.
Sette þa glinnur grær,
í grædarans pijslar sær,
*helwigtess hundur rotinn,
þa haus hans war sundur brotinn
sitt dramb, hlaut diófull að pijsgia,
drottne eg lof uil sijngia.*

35.
Allar ædar i mier,
almattugur gud þier,
skulu til foota falla,
fagnande sijngia og kalla,
lof sie lausnara mijnum,
leijst er mijn sal ur pijnum.

36.
Jesus Jesus gyuds son,
jeg a þijn hijngad won,
kom þu snart kongur blijdur,
kuólldar a dagenn lijdur,
haf mig fra heijmsösöma
i himinsins dijrdarliöma.

37.
Þig drottenn loptinn laung,
lofe med fógrum saung,
heijmskrijnglann óll þier hneige,
huór skiepnann Amen seige,
um hóf himin og grunder,
huad þar i a og undir.

HEIMILDASKRÁ

HANDRIT

The Advocates Library, Edinborg

Adv. 21.7.17 (á filmu 25 í Handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns)

Handritasafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Reykjavik

JS 136, 8^{vo}

JS 229, 8^{vo}

TEXTAÚTGÁFUR

- „Aldasöngur: Einn fagur sálmur um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri.“ *bragi.arnastofnun.is*, sótt 5. desember 2018 af <http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=1313>.
- „Annar heimsósómi gamall.“ *Vísnaþók Guðbrands*. Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna, inngangur og skýringar eftir Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000, 230–233.
- Bjarni Jónsson. „Einn fagur sálmur um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri.“ Jón Þorkelsson. *Om digtningin þá Ísland í det 15. og 16. århundrede*. Kaupmannahöfn: Andr. Fred. Høst & søns forlag, 1888, 403–405.
- . „Aldasöngur.“ *Íslenzk lestrarbók 1400–1900*. Sigurður Nordal setti saman, 2. útg. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1931, 42–45.
- . „Aldasöngur.“ *Íslands þúsund ár: Kvæðasafn 1300–1600*. Páll Eggert Ólason hefur valið. Reykjavík: Helgafell, 1947, 23–32.
- . „Aldasöngur.“ *Fornöld, Miðaldir, Siðaskiptaöld*. Kristján Karlsson valdi kvæðin. Íslenzkt ljóðasafn I. Ritstj. Kristján Karlsson. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1976, 360–366.
- . „Minningarkvæði um Jón Grímsson.“ *Fornöld, Miðaldir, Siðaskiptaöld*. Kristján Karlsson valdi kvæðin. Íslenzkt ljóðasafn I. Ritstj. Kristján Karlsson, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1976, 357–360.
- „Gamall sálmur: Um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri.“ *Syrpa* 4. árg., 3. h. Winnipeg, 1916, 136–139.
- Hallgrímur Pétursson. *Ljóðmæli* I. Ritsafn Hallgríms Péturssonar I. Margrét Eggertsdóttir bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 48. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2000.
- Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* I. Safnað hefur Jón Árnason. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1961.
- Sálmabók íslensku kirkjunnar*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2001.
- „Um syndir og ósóma þessa heims: Gömul kvæði.“ *Vísnaþók Guðbrands*. Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna. Inngangur og skýringar eftir Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000, 228–230.
- „Þetta er eitt kvæði um syndir og aðra ósiðu þessa heims.“ *Vísnaþók Guðbrands*. Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna, Inngangur og skýringar eftir Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000, 234–238.
- „Þetta kvæði kallast heimsósómi.“ *Vísnaþók Guðbrands*. Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna, Inngangur og skýringar eftir Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000, 233–234.

- „Aldasöngur, Einn fagur sálmur um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri. Skýringar“, *bragi.arnastofnun.info*, sótt 7. desember 2018 af <http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=1313>.
- Anna Sigurðardóttir. *Allt hafði annan róm áður í páfadóm: Nunnuklastrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 1988.
- Aulén, Gustaf. *Christus Victor: An Historical Study of the Three Main Types of the Idea of the Atonement*. Ensk þýð. A.G. Hebert. London: SPCK, 1970.
- Axel Kristinsson. *Hnignun, hvaða hnignun? Godsögnin um niðurlægingartímabilið í sögu Íslands*. Reykjavík: Sögufélag, 2018.
- Björn Th. Björnsson. „Myndlist á síðmiðöldum.“ *Saga Íslands V*. Ritstj. Sigurður Líndal. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 1990, 285–352.
- Björn Jónsson. „Sálmaskáld úr alþýðustétt á síðbótartímanum.“ *Ritröð Guðfræðistofnunar* 26, 2008/1, 133–155.
- Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir. „Enska öldin með viðaukum eftir Sigurð Líndal.“ *Saga Íslands V*. Ritstj. Sigurður Líndal. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 1990, 1–185.
- Böðvar Guðmundsson. „Nýir siðir og nýir lærdómar – Bókmenntir 1550–1750.“ *Íslensk bókmenntasaga II*. Ritstj. Vésteinn Ólason. Reykjavík: Mál og menning, 1993, 379–521.
- Guðrún Harðardóttir. „Innanbúnaður kirkna á fyrstu öldum eftir siðskipti: Þættir úr þróunarsögu.“ *Áhrif Lúthers: Siðskipti, samfélag og menning í 500 ár*. Ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, 195–214.
- Guðrún Nordal. „Handrit, prentaðar bækur og pápísk kvæði á siðskiptaöld.“ *Til heiðurs og hugbótar: Greinar um trúarkveðskap fyrri alda*. Snorrastofa. Rit 1. Ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir og Anna Guðmundsdóttir. Reykholt: Snorrastofa, Rannsóknarstofnun í miðaldafræðum, 2003, 131–143.
- . „Á mörkum tveggja tíma: Kaþólskt kvæðahandrit með hendi siðbótarmanns, Gísla biskups Jónssonar“. *Gripla XVI*, 2005, 209–228.
- . *Skiptidagar: Nesti handa nýrri kynslóð*. Reykjavík: Mál og menning, 2018.
- Guðrún Nordal. *Heimsósómi: Athugun á upptökum íslensks heimsádeilukveðskapar*. BA-ritgerð í íslensku, Háskóli Íslands október 1982. Varðveitt á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Reykjavík.
- Gunnar Kristjánsson. „Málverksmyndir, skurðgoð og líkneskjur: Um myndskilning siðbótarmanna og áhrif hans hér á landi í ljósi sögunnar.“ *Áhrif Lúthers: Siðskipti, samfélag og menning í 500 ár*. Ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, 215–241.
- Hannes Finnsson. *Mannfækkun af hallærum*. Jón Eypórsson og Jóhannes Nordal sáu um útgáfuna. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1970.

- Helgi Þorláksson. *Saga Íslands* VI. Ritstj. Sigurður Líndal. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2003.
- Hjalti Hugason. „Áhrif siðbótarinnar á Íslandi: Tilraun til jafnvægisstillingar. Fyrri grein.“ *Ritið* 1/2019, 255–288.
- Hugiök og heiti í bókmenntafræði*. Jakob Benediktsson ritstýrði. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Mál og menning, 1989.
- Íslensk lestrarbók 1400–1900*. Sigurður Nordal setti saman, 2. útg. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1931.
- Íslensk lestrarbók 1750–1930*. Sigurður Nordal setti saman. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1942.
- Jonsson, Magdalena. Rälla begravningsplats: Kulturhistorisk inventering av kyrkogårdar/begravningsplatser i Växjö stift 2007, *kalmarlansmuseum.se*, sótt 9. september 2019 af https://www.kalmarlansmuseum.se/site/assets/files/11880/ralla_begrav.pdf.
- Jón Espólin. *Íslands árbækur í sögu-formi* V. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1826.
- Jón Þorkelsson. *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*. Kaupmannahöfn: Andr. Fred. Høst & søns forlag, 1888.
- Jónas Kristjánsson. „Bókmenntasaga.“ *Saga Íslands* V. Ritstj. Sigurður Líndal. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 1990, 217–284.
- Kristján Karlsson. „Formáli.“ *Fornöld, Miðaldir, Siðaskiptaöld*. Kristján Karlsson valdi kvæðin. Íslenskt ljóðasafn I. Ritstj. Kristján Karlsson. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1976, xi–xv.
- Loftur Guttormsson. *Frá siðaskiptum til upplýsingar*. Kristni á Íslandi III. Ritstj. Hjalti Hugason. Reykjavík: Alþingi, 2000.
- Margaret Cormack. „Voru helgimyndir eyðilagðar á Íslandi? Athugun á varðveislu dýrlingamynda fyrsta áratuginn eftir siðaskipti.“ *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*. Ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, 243–260.
- Margrét Eggertsdóttir. *Barokkmeistarinn: List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 63. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2005.
- Martling, Carl Henrik. *Svenskt kyrkoxikon: En kortfattad teologisk uppslagsbok*. Skellefteå: Artos, 2005.
- Óskar Halldórsson. „Bókmenntir á lærdómsöld.“ *Saga Íslands* VII. Ritstj. Sigurður Líndal. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2004, 213–316.
- Páll Eggert Ólason. *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi* IV. Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, 1926.
- . *Sextánda öld: Höfuðþættir*. Saga Íslendinga IV. Reykjavík: Menntamálaráð og Þjóðvinafélag, 1944.
- . *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* I. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948.

- — —. *Seytjándi öld: Höfuðþættir*, Saga Íslendinga V, Reykjavík: Menntamálaráð og Þjóðvinafélag, 1952.
- Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir. *Aldasöngur eftir Bjarna Jónsson skálda: Textakönnun á kvæðinu*. Námsritgerð, Háskóli Íslands, leiðbeinandi Jón Samsonarson, 1986. Varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.
- Schørring, Jens Holger. „1800 til i dag.“ *Kirkens historie* 2. Kaupmannahöfn: Hans Reitzels forlag, 2012, 383–746.
- Sigurður Nordal. „Samhengið í íslenskum bókmentum.“ *Íslensk lestrarbók 1400–1900*. Sigurður Nordal setti saman, 2. útg. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1931, ix–xxxii.
- Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* II. Samið hefir Páll Eggert Ólason. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1927.
- „Skýringar.“ *Vísnaþók Guðbrands*. Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna. Inngangur og skýringar eftir Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000, 448–484.
- Stefán Einarsson. *Íslensk bókmenntasaga 874–1960*. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson & Co. H.F., 1961.
- Sýnisbók íslenzkra bókmennta til miðrar átjándu aldar*. Sigurður Nordal, Guðrún P. Helgadóttir og Jón Jóhannesson settu saman. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar H.F., 1953.
- Tønnessen, Inger Marie. „Kirkelige handlinger i etterreformatorisk tid – praksis og teologisk innhold.“ *Alt mellom himmel og jord: Religion, prest og kirke i lokalsamfunnet*. Ritstj. Hans Hosar, Ósló: Norsk lokalhistorisk institutt, 2003, 50–74.
- Vésteinn Ólason. „Kveðskapur frá síðmiðöldum.“ *Íslensk bókmenntasaga* II. Ritstj. Vésteinn Ólason. Reykjavík: Mál og menning, 1993, 283–378.
- Þórunn Sigurðardóttir. *Heiður og huggun: Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Rit 91. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2015.

ÁGRIP

Lykilorð: Bjarni Jónsson Borgfirðingskáld, Aldasöngur, siðbót/siðaskipti, hnignun

Aldasöngur eftir Bjarna Jónsson Borgfirðingaskáld frá fyrstu áratugum 17. aldar er eitt þekktasta íslenska heimsósómakvæðið. Hefur það mótað mjög hugmyndir manna um neikvæð áhrif siðaskiptanna á Íslandi en lengi hefur verið litið svo á að í kjölfar þeirra hafi orðið mikil hnignun á samfélagi og menningu í landinu. Í greininni er kannað hvort skáldið hafi í raun og veru aðhyllt það viðhorf.

Færð eru rök fyrir því að kvæðið sé að verulegu leyti trúarlegt og sé mótað af lútherskum trúarlærdómi. Skáldinu hefur á hinn bóginn sviðið afturför sem orðið hafði á ýmsum ytri sviðum kristnihaldsins og má að verulegu leyti rekja til erfíðs árferðis og pestarfars í landinu. Í kvæðinu deilir hann einnig á vaxandi andstæður fátækra og ríkra sem skýra má með því að við mannfelli hafi eignir safnast á færri hendur en áður var.

SUMMARY

Keywords: seventeenth-century poet Bjarni Jónsson, the poem *Aldasöngur*, the Reformation, Post-Reformation decline

The poem *Aldasöngur* by the poet Bjarni Jónsson from the first decades of the 17th century is one of the most famous Icelandic poems from that period. The traditional interpretation of the poem has focused on the paradigm that the Lutheran reformation resulted in a great decline in Icelandic society and culture. The article examines whether or not the poet adhered to this understanding.

It is argued that the poem is largely religious and shaped by Lutheran theology. The poet also asserts that a great decline has occurred in the church life of the nation as well as in other domains. In particular, he thinks that social justice has declined and churches and graveyards have been neglected. The problems he describes can mostly be explained by changes in climate (the Little Ice Age), volcanic eruptions and plagues. The poet also criticizes the growing contrasts between the poor and the rich, which can be explained by the fact that property was concentrated among fewer families when the population of the country decreased.

Hjalti Hugason
 Prófessor í kirkjusögu
 Háskóli Íslands
 Aðalbygging
 ÍS-102 Reykjavík